

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna á leikskólum sem ekki eru reknir af Garðabæ

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna í leikskólum sem ekki eru reknir af Garðabæ.

Skilyrði fyrir greiðslu er:

1. Að hlutaðeigandi barn hafi náð 9 mánaða aldri og eigi lögheimili í Garðabæ
2. Að leikskóli hafi rekstrarleyfi og uppfylli lög um leikskóla
3. Að barn sé slysatryggt í leikskóla
4. Að barn dvelji 4-9 stundir daglega á leikskóla
5. Að gjaldskrá leikskólans sé ekki hærri en sem nemur 10% af gjaldskrá leikskóla Garðabæjar

Mánaðarleg greiðsla skal taka mið af aldri barna og dvalartíma í samræmi við Viðmiðunarreglur *Sambands íslenskra sveitarfélaga* vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags.

sjá: <http://www.samband.is/verkefningin/skolamal/leikskoli/vidmidunarreglur-um-greidslur-vegna-leikskoladvalar-utan-logheimilissveitarfelags/>

Gjaldskráin sýnir brúttótölur og frá þeim dragast leikskólajöld sem viðkomandi leikskóli innheimtir af foreldrum.

Ákvæði í Gjaldskrá leikskóla Garðabæjar um afslætti gilda einnig samkvæmt reglum þessum.

Greiðslur miðast við hálfan og heilan mánuð og miðast við 1. og 15. hvers mánaðar.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2015

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
18. desember 2014*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari*